Fjármálaráðuneytið **Starfsmannaskrifstofa** Október 2001/áll Dreifibréf 6/2001, 1 bls.	**VERKFALL** **Uppfært*
Launagreiðslur á meðan á verkfalli stendur svo og framkvæmd og túlkun á 19. og 20. gr. laga nr. 94/1986	**Launagreiðslur í verkfalli**

Meginreglan er sú að laun falla niður í verkfalli.

Í þeim mánuði sem verkfall hefst eða því lýkur, reiknast fastar launa- og kostnaðargreiðslur fyrir þann tíma sem unninn er þannig, að deilt er með 21,67 í mánaðarlaunin og margfaldað með fjölda almanaksdaga annarra en laugardaga og sunnudaga frá upphafi eða til loka starfstíma sbr. gr. 1.1.2 eða 1.1.3 í kjarasamningum ríkisstarfsmanna. Þessi regla er óháð því, hvort viðkomandi starfsmaður eigi vinnuskyldu eða ekki, það dregst jafnt af launum allra starfsmanna félagsins. Fyrirframgreidd laun skerðast með sama hætti sbr. dóm Félagsdóms í máli nr. 8/1984.

Þeir sem ekki hafa heimild til verkfalls skv. 19. gr. laga nr. 94/1986 halda óskertum launum. Þá skulu ekki skertar launagreiðslur vegna biðlauna eða lausnarlauna af völdum veikinda eða andláts starfsmanns enda er ekki vinnuskylda að baki slíkum greiðslum.

Um orlof og önnur launuð leyfi gildir, að orlofstaka og orlofslaun falla niður í verkfalli og verður að taka þá daga síðar.

Á sama hátt falla launagreiðslur vegna veikinda eða slysa niður á meðan á verkfalli stendur, svo og talning fjarvistardaga af sömu ástæðu. Ríkisstarfsmaður í verkfalli nýtur ekki launagreiðslna í veikindaforföllum, hvort sem veikindin hófust fyrir eða eftir að verkfall kom til framkvæmda, sbr. dóm Héraðsdóms í máli nr. 93/1995.

Þeir sem kallaðir eru til starfa skv. ákvæðum 20. gr. laga nr. 94/1986 skulu fá greitt skv. ákvæði um tímakaupsfólk í viðkomandi kjarasamningi.

* Reglur þessar koma í stað vinnureglna nr. 2/1995.